

Íslensk Vatnsorka hf.  
Ármúla 4-6  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. janúar 2019  
Tilvísun: OS2018120002/50.4.3  
Verknúmer: 1070000

**Efni: Framlenging á rannsóknarleyfi Íslenskrar vatnsorku hf. (áður Hagavatnsvirkjun ehf.) til 31. desember 2023, vegna áforma um Hagavatnsvirkjun, áður útgefið 1. febrúar 2013**

Orkustofnun hefur mótttekið bréf Íslenskrar vatnsorku hf. kt. 410908-0930, f.h. Hagavatnsvirkjunar ehf, dags. 21. desember 2018, þar sem óskað er eftir framlengingu á leyfi til rannsókna vegna hugmynda um 18 MW virkjun við Hagavatn sunnan við Langjökul. Umrætt rannsóknarleyfi, dags. 1. febrúar 2013, á vatnasviði Farsins við Hagavatn, til handa Hagavatnsvirkjun ehf. gilti til 31. desember 2018. Sótt er um framlengingu til ársloka 2023. Orkustofnun fer með leyfisveitingar til rannsókna m.a. sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Fram kemur í erindi Íslenskrar vatnsorku hf. að rannsóknir hafi tafist vegna tafa við vinnu við rammaáætlun, m.a. vegna fyrirspurna [verkefnastjórnar] um frekari greiningu og rannsóknir á virkjunarvalkostinum, sem nú er í biðflokki áætlunarinnar. Vonir standi til að vinnu við rammaáætlun ljúki innan fimm ára og í ljósi þess er óskað eftir fimm ára framlengingu.

Verulegum fjármunum hefur verið varið hefur varið til rannsókna, en fyrstu áform um virkjun við Hagavatn voru um 35 MW virkjunarkost. Með nýrri hönnun er gert ráð fyrir minni virkjunarkosti eða 18 MW með þremur 6 MW samtengdum virkjunum. Erindinu fylgdi greinargerð, skýrsla Mannvits verkfræðistofu, dags. 1. september 2018, yfir fyrsta áfanga virkjunarinnar, 9,9 MW, og þess getið að umhverfismat við endurheimt Hagavatns og áhrifa af fyrsta áfanga virkjunarinnar sé þegar vel á veg komið.

Í ljósi ofanritaðs og fram lagðra gagna leyfishafa, fellst Orkustofnun hér með á að áður út gefið rannsóknarleyfi, dags. 1. febrúar 2013 á vatnasviði Farsins við Hagavatn vegna Íslenskrar vatnsorku hf. verði framlengt til 31. desember 2023 og skal rannsóknum þá lokið. Skilmálar leyfisins eru óbreyttir að öðru leyti.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra, skv. ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra

  
Skúli Thoroddsen

  
Kristján Geirsson

*Fylgiskjöl: Umsókn án fylgiskjala*

Málsnúmer OS2018120002 Leyfisnúmer OS- 2013-L0006-02



Íslensk vatnsorka hf.  
Járnálsi 2  
112 Reykjavík

Orkustofnun  
b.t. Guðna A Jóhannessonar, orkumálastjóra  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 21.12.2018

**Umsókn um framlengingu rannsóknarleyfis vegna áforma um Hagavatnsvirkjun 18 MW, sbr rannsóknarleyfi dags. 1. apríl 2012 til handa Hagavatnsvirkjun ehf.**

Við þökkum fyrir góðan fund á skrifstofu ykkar þann 7. desember s.l. Við staðfestum hér með ósk okkar um framlengingu á rannsóknarleyfi félagsins Hagavatnsvirkjun ehf. vegna hugmynda um 18 MW virkjun við Hagavatn sunnan Langjökuls. Ástæður þessarar umsóknar eru aðallega tvíþættar:

1. Ekki hefur náðst að ljúka rannsóknum við fyrirhugaðan virkjunarvalkost, þar sem m.a. tafir hafa orðið á vinnu við rammaáætlun. Við vinnslu rammaáætlunar komu upp fyrirspurnir sem kölluðu á frekari greiningu og rannsóknir á virkjunarvalkostinum, en valkosturinn er nú í biðflokk. Vonast er til að vinnu við rammaáætlun ljúki innan fimm ára og er því sótt um framlengingu á rannóknarleyfinu um fimm ár.
2. Félagið Íslensk vatnsorka hf. og áður Orkuveita Reykjavíkur hafa kostað miklu til vegna þessara rannsókna, en heildarkostnaður við þessar rannsóknir er nú rúmlega 100 milljónir króna. Kostnaðurinn liggur aðallega í aðkeyptri vinnu sérfræðinga, en þessu til viðbótar hafa síðan starfsmenn Íslenskrar vatnsorku hf og áður Orkuveitu Reykjavíkur einnig lagt til mikla vinnu.

Félagið Íslensk Vatnsorka hf. vinnur að framþróun hugmynda um Hagavatnsvirkju í gegnum félagið Hagavatnsvirkjun ehf. Hugmyndir um Hagavatnsvirkjun hafa tekið nokkrum breytingum, en nú er áformað að virkjúnin verði í mun umhverfisvænni útfærslu en áður var áformað.

Nú er gert ráð fyrir að virkjúnin verði útfærð sem rennslisvirkjun, þ.a. mun minni sveiflur verði á vatnsborði ofan stíflu, auk þess er nú gert ráð fyrir að rafmagnstengingar verði að mestu leyti í jarðstrengjum. Gert er ráð fyrir að vegslóðar verði samræmdir við reiðleiðir og aðra umferð ferðamanna um svæðið með það að markmiði að draga úr utanvegaakstri við Jarlhettur, en þar er tölvuerð umferð fjallabíla sem eiga leið um svæðið á leið sinni upp á Langjökul.



Við útfærslu virkjunarinnar opnast einnig fyrir ýmsa möguleika á frekari tengingu við starfsemi ferðaþjónustu á svæðinu, þ.e. gistiþjónustu með nýjum skála Ferðafélags Íslands, hreinlætisaðstöðu, hleðslustöðvum, hestagerði ofl. Þessi áform hafa verið unnin í samráði við sveitarfélag Bláskógarbyggð og landeigendur.

Í nýsamþykktu aðalskipulagi fyrir Bláskógarbyggð er gert ráð fyrir endurheimt Hagavatns. Fyrstu hugmyndir um endurheimtur Hagavatns komu upphaflega fram sem aðgerð til að minnka sandfok úr fyrri lónsbotni, en sem kunnugt er þá var Hagavatn áður stærra að umfangi sem náttúrulegt lón sunnan Langjökuls. Í kjölfarið þróuðust síðan hugmyndir um að leiða vatnið í aðrennslislögn inn í stöðvarhús og nýta þannig fallorkuna. Umfang mannvirkja er þó hlutfallslega lítið, sérstaklega er stíflumannvirkið lítið umfangs enda er í raun einungis verið að stífla haft sem opnast hefur á síðustu árum.

Félagið Íslensk Vatnsorka hefur gert samstarfssamning við landeigendur um verkefnið og vinnur að samstarfi við sveitarfélagið Bláskógarbyggð, Landgræðsluna, ferðaþjónustuaðila og aðra aðila sem hagsmunu eiga að gæta á svæðinu sunnan Langjökuls. Gengið hefur verið frá þríhliða samkomulagi við landeigendur, sveitarfélagið Bláskógarbyggð og Íslenska vatnsorku hf. um að vinna sameiginlega að endurheimt Hagavatns.

Eins og að ofan greinir þá miðuðust áform um virkjun við Hagavatn fyrst við um 35 MW virkjun sem hefði þá þýtt miklar sveiflur í vatnsborði. Með nýrri hönnun Íslenskrar vatnsorku hf er miðað við 18 MW virkjun og óverulegar sveiflur á vatnsborði Hagavatns. Gert er ráð fyrir þremur 6 MW vélum og að vatnasvið Jarlhetta verði einnig nýtt. Þar sem nýting Jarlhetta er að hluta til viðkvæmara mál sem þarfnað betri skoðunar, þá var ákveðið að byrja á fyrstu tveimur áföngunum við virkjunina, þ.e. tveimur 6 MW vélum sem þó yrðu ekki keyrðar á fullu afli eða um 9,9 MW. Með slíkum rekstri næst nokkuð jöfn nýting á vélbúnaði meginhluta ársins. Mikilvægt er þó að halda til haga áformum um fulla stærð virkjunarinnar 18 MW.

Verulegum fjármunum hefur verið eytt í rannsóknarvinnu, aðallega hönnunarvinnu og rannsóknir. Meðf. er yfirlit yfir fyrsta áfanga virkjunarinnar 9,9 MW en umhverfismat við endurheimt Hagavatns og áhfrifa af fyrsta áfanga virkjunarinnar er þegar komið vel á veg.

Með bréfi þessu er óskað eftir framlengingu ofannefnds rannsóknarleyfis frá 1. apríl 2012.

Tilgangur rannsókna er að vinna áfram að ofannefndum hugmyndum. Gert er ráð fyrir að rannsóknin geti tekið allt að fimm ár.

Við óskum eftir því að Orkustofnun taki við umsókninni og verði í sambandi við Íslenska Vatnsorku varðandi frekari fylgigögn sem þörf er á.

Virðingarfyllst

Íslensk vatnsorka hf.  
Eiríkur Bragason, framkvstj.  
Farsími: 8250300